

# Söngdagskrá Ísaksskóla 2018 – 2019

## 11. – 15. mars

Nú er napur norðanvindur

Dýravísur

Fólk sem hefur léttu lund

**Aravísur** (tvö erindi)

**Viva la musica** (keðjusöngur)

**Dvel ég í draumahöll**

## 18. - 22. mars

(Föstudagur skipulagsdagur)

Dýravísur

Fólk sem hefur léttu lund

Aravísur

Viva la musica

Dvel ég í draumahöll

**Rímlagið**

## 25. - 29. mars

Aravísur

Viva la musica

Dvel ég í draumahöll

Rímlagið

**Good Morning**

**Kveiktu á ljósi**

## Viva la musica

Lag: Michael Praetorius

Viva, viva la musica.

Viva, viva la musica.

Viva la musica.

## Nú er napur norðanvindur

Ungverskt þjóðlag

Ljóð: Ólafur Kristjánsson í Mýrarhúsum

Nú er napur norðanvindur,

nú er hvítur Esjutindur.

Ef ég ætti úti kindur

mundi ég láta þær allar inn,

elsku besti vinur minn.

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa  
– klapp klapp!*

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa  
– klapp klapp!*

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa  
– klapp klapp!*

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa*

Upp er runninn öskudagur,

ákaflega skýr og fagur.

Einn með poka ekki ragur

úti vappar heims um ból.

Góðan daginn, gleðileg jól.

*Úmbarassa...*

## Fólk sem hefur léttu lund

Lag og ljóð: Herdís Egilsdóttir

Fólk sem hefur léttu lund

leikið getur við fingur hverja stund

en sá sem oft í fýlu fer

fjarska bágt á sýnist mér.

Er við klöppum saman lófunum

þá hvín við hátt

nú er kátt í bæ.

Þó að napurt frost sé úti

og stundum norðanátt

nóg ég hlæ.

## Dýravísur

Þjóðlag

Húsgangur, ýmsir höfundar

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur,  
galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá  
vísu, gamli Jarpur.  
Aldrei hefir fallið frá  
frækilegri garpur.

Þá var taða, þá var skjól,  
þá var fjör og yndi,  
þá var æska, þá var sól,  
þá var glatt í lyndi.

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur,  
galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar, tístir, syngur.

## Good Morning Dear Earth

Í anda Waldorf

Höfundur ókunnur

Good morning dear earth  
Good morning dear sun  
Good morning dear trees  
And flowers everyone

Good morning dear bees  
And birds in the sky  
Good morning to you  
And good morning to me

## Rímlagið

Lag: John Høybye

Ljóð: Einar Sigurðsson, Gróa Hreinsdóttir og Barnakór  
Ísaksskóla

Viltu segja mér hvað rímar - við  
hafragraut?

Það er jólaskraut, það er jólaskraut.

Viltu segja mér hvað rímar - við bláan bíl?

Það er hausinn á fíl, það er hausinn á fíl.

*Kanntu' að ríma?*

*Kanntu' að ríma?*

*Já, ég veit þú ríma kannt!*

Viltu segja mér hvað rímar - við fiðrildi?

Það er rifrildi, það er rifrildi.

Viltu segja mér hvað rímar - við Óla Skans?

Það er jólakrans, það er jólakrans.

*Kanntu' að ríma...*

Viltu segja mér hvað rímar - við  
fótboltaskór?

Það eru krakkar í kór, það eru krakkar í kór.

Viltu segja mér hvað rímar - við

Ísaksskóla?

Það er dekkjaróla, það er dekkjaróla.

*Kanntu' að ríma...*

## Dvel ég í draumahöll

Lag: Thorbjörn Egner

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Dvel ég í draumahöll

og dagana lofa.

Litlar mýs um löndin öll

liggja nú og sofa.

Sígur ró á djúp og dal,

dýr til hvílu ganga.

Einnig sofna skolli skal

með skottið undir vanga.

## Kveiktu á ljósi

Lag og ljóð: Valgeir Guðjónsson

Kveiktu á ljósi hvar sem þú ert.  
Kveikirðu' á öðru er betur að gert.  
Þó loginn sé veikur samt lýsir hann sterkt  
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Kveiktu á ljósi hvert sem þú ferð.  
Sama hve byrðin er þung sem þú berð.  
Láttu það lýsa á allt sem þú sérð  
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Þó viljinn sé veikur er vonin samt sterk,  
koma má mörgu og miklu í verk.  
Það sem þú gerir er það sem þú ert,  
þín verður minnst fyrir það sem var gert.

Já, kveiktu á ljósi hvenær sem er,  
láttu það lýsa innra með þér.  
Hvernig sem lánast og leikritið fer  
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.  
Nei, ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

## Aravísur

Lag: Ingibjörg Þorbergsdóttir

Ljóð: Stefán Jónsson

Hann Ari er lítill, hann er átta ára trítill  
með augu mjög falleg og skær.  
Hann er bara sætur,  
jafnvel eins, þá hann grætur  
og hugljúfur þegar hann hlær.

En spurningum Ara er ei auðvelt að svara:  
Mamma af hverju er himinn blár?  
Sendir Guð okkur jólin? Hve gömul er sólin?  
Pabbi, því hafa hundarnir hár?  
*Tra la la la, tra la la la la,*  
*tra la la la, tra la la la la.*

Bæði pabba og mömmu og afa og ömmu  
þreytir endalaust spurninga suð:  
Hvar er sólin um nætur?  
Því er sykurrinn sætur?  
Afi, gegndu, hver skapaði Guð?

Hvar er heimsendir amma?  
Hvað er eilífðin, mamma?  
Pabbi, af hverju vex á þér skegg?  
Því er afi svo feitur? Því er eldurinn heitur?  
Því eiga ekki hanarnir egg?  
*Tra la la la, tra la la la la,*  
*tra la la la, tra la la la la.*

Það þykkar í Ara, ef þau ekki svara  
og þá verður hann ekki rór,  
svo heldur en þegja, þau svara og segja:  
Þú veist það er verðurðu stór.

Fyrst hik er á svári, þá hugsar hann Ari  
og hallar þá kannski undir flatt  
og litla stund þegir, að lokum hann segir:  
Þið eigið að segja mér satt.